

### Bls. 5 Besta pizza í heimi?

...ein pizza sem stöðugt trónir á toppnum og er lofað af bæði kokkum og matgæðingum er Margherita frá Pizzeria Brandi í Napólí á Ítalíu.

### Bls. 3 Kennsluréttindi í hljóðfræði

...hann er að vinna elektróníska popptónlist. Hann stefnir á heimakennslu í hljóðvinnslu og tónlistargerð.

# Litli Hver

09. tbl. 2024

Klúbburinn  
Geysis  
verður 25  
ára í  
september

Hreimur Örn  
Heimisson tók  
lagið og efldi  
stemninguna í 25  
ára afmælisveislu  
Klúbbsins Geysis  
30. ágúst  
síðastliðinn



# Úr sagnabrunni Gísla Richardssonar



Gísli var á Dofra BA 25 í eitt og hálf t. Þá var hann 16 ára. Af hans átti 40% í útgerðinni og því hæg heimantökin að fá pláss. Hér koma tvær sögur frá þessum tíma.

## Ekki feigur í þetta sinn

Eitt sinn á Dofranum þegar við vorum að klára að draga línuna og á leið í land skellur allt í einu brot á bátinum stjórnborðsmegin. Það var haki utan á lunningunni til þess að haka fiskinn sem losnar af króknum. Ég var að taka hakann um borð þegar brotið ríður yfir. Þá skiptir engum togum að ég lenti á kafi í sjó og veit ekkert hvar ég er í svólítinn tíma. En þegar fjarafi undan mér var ég staddur í stakkageymslunni, en sjór hafði flætt alveg inn eldhús og ég lenti í stakkageymslunni. Þetta tók nú ekkert á mig en hugsaði að ekki hafi ég verið feigur í þetta sinn.

## Fylleri á Grillinu

Dofrinn fór líka á síld, reyndar bara eina vertíð.

Skipstjórinn á þessari síldarvertíð hét Hrólfulf og var mikill aflakóngur.

Okkur gekk mjög vel að fiska, en ég var alveg að skíta á mig því þetta var svo erfið vinna þar sem allt var gert á höndum. Aðstaða um borð var ekki góð. Vatnið ryðlitað og ódrykkjarhæft. Það var heldur ekki hlaupið að því að komast í bað um borð og man ég eftir því að fara í sturtu úti á Granda þegar í land var komið. Um kvöldið duttum við svo í það. Forstjórinn bauð okkur svo á Grillið á Sögu um kvöldið og máttum drekka brennivín eins og við gátum. Allir orðnir blindfullir og fórum þá í partí heim til Hrólfs, en forstjórinn keypti nokkrar flöskur á barnum til að hafa með í partíð.



Myndin er fengin af vefsíðunni: <https://www.shipsnostalgia.com/media/dofri.159274/>

**Alþjóða Geðheilbrigðisdagurinn 2024**  
BIÓ ★ PARADIS

**Þórhallur Þórhallsson** kynnis og grinnir

/Æsir  
Nanna Briem forstjóri geboviss  
Prófessorinn

Dagskrá hefst  
fimmtudaginn 10. október  
klukkan 14:00

Staðgengill borgarstjóra  
ÖBÍ

Formaður dagsins  
Dís  
Helge Snorri

Frjáls aðgangur  
kaffi og kleinur

Bió Paradis, salur 1  
Hverfisgötu 54  
101 Reykjavík

Geðheilbrigði eru  
allmenn mannréttindi  
Við erum all með geð

**Litli Hver** Útgefandi: Klúbburinn Geysir.

Framkvæmdastjóri: Þórunn Ósk Sölvadóttir. Þeir sem unnu þetta blað: Þórunn, Fannar, Gísli, Benni, Sigurður Guðmundsson Heimilisfang: Skipholt 29. Sími: 551-5166, tölvupóstur [kgeysir@kgeysir.is](mailto:kgeysir@kgeysir.is) Heimasíða: [www.klubburinngeysir.is](http://www.klubburinngeysir.is) Facebook: Klúbburinn Geysir, Instagram: [klubburinn\\_geysir](https://www.instagram.com/klubburinn_geysir) #geysirclubhouse


 KLÚBBURINN  
**GEYSIR | 20 ÁRA**

# Kennsluréttindi í hljóðfræði

Svanur Herbertsson er fæddur 11. maí 1990. Hann hefur verið hjá okkur í Geysi í þrjá mánuði og líkar vel. Svanur segir að Klúbburinn Geysir sé yndislegur staður og gott að vera hérna í Atvinnu-og menntadeild þar sem hann er að vinna að því að fá kennsluréttindi á Ableton Live VST plugins, sem er hljóðvinnsluforrit. Hann hefur verið að vinna sjálfstætt á Skype eftir eigin reynslu af Berkeley College of Music þar sem hann er að vinna elektróníska popptónlist.

Hann stefnir á heimakennslu í hljóðvinnslu og tónlistargerð eða jafnvel að fá að kenna hérna í Geysi og halda nokkur námskeið ókeypsil!  
Við óskum Svani góðs gengis í náminu og svo hlökkum til að fá að njóta hæfileika hans í Hlaðvarpinu!



# Matseðill fyrir september 2024

## Matseðill er birtur með fyrirvara um breytingar

**Munið að panta samdægurs fyrir klukkan 10.00**

Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.
2. Tómatssúpa	3. Steiktur fiskur	4. Rónasteik	5 HLADBORD	6. Svínasnitsel Bláberjagrautur	
9. Kakósúpa	10. Plokkfiskur +rúgbrauð	11. Lasagna	10. HLADBORD	12. Kálböggjar Apríkósugrautur	
16. Grjónagrautur+slátur	17. Ofnbakaður fiskur	18. Vorrúllur+ hrísgrjón	19. HLADBORD	20. Bjúgu+uppstúf og grænar. Blandaður ávaxtagrautur	
23. Blómkálssúpa	24. Fiski Taco a'la Krissa.	25. Pastasalat	26. HLADBORD	27. Hamborgari og franskar. Jarðaberjagrautur	
30. Grænmetissúpa					

Hefur þú tillögur að skemmtilegri matseld og hugmyndir um aukna fjölbreytni á matseðli Klúbbsins Geysis? Mættu þá á eldhúsfund kl. 10.30 síðasta mánudag hvers mánaðar og taktu þátt í að móta heilsusamlegan og fjölbreyttan matseðil.

# Vísindalegir fróðleiksmolar í samvinnu við ChatGPT

## Besta pizza í heimi?

Titillinn „besta pizza í heimi“ er mjög huglægt mat, en ein pizza sem stöðugt trónir á toppnum og er lofuð af bæði kokkum og matgæðingum er Margherita frá Pizzeria Brandi í Napólí á Ítalíu. Þessi pizza er ekki aðeins dád fyrir bragðið heldur einnig fyrir sögulega þýðingu hennar.

### Helstu atriði:

**Pizzeria Brandi:** Staðsett í Napólí, Pizzeria Brandi er einn elsti pizzastaður í heimi. Hún er talin hafa skapað Margherita-pizzuna árið 1889, sem var nefnd eftir Margherita drottningu af Savoy.

**Margherita Pizza:** Þessi pizza er einföld en þekkt fyrir fullkomið jafnvægi í bragði. Hún er gerð með aðeins þremur hráefnum—San Marzano tómötum, fersku mozzarella, og basil—sem tákna lit ítalíska fánans. Gæði hráefnanna eru lykilatriði, og í Napólí er pizzan venjulega gerð með staðbundnum hráefnum af framúrskarandi gæðum.

**Neapólísk pizzuhefð:** Pizzustíllinn sjálfur—neapólísk pizza—er viðurkenndur af UNESCO sem óáþreifanleg menningarverðmæti. Hún er þekkt fyrir mjúka, seiga skorpu með léttbrúnuðum köntum, einföldum áleggjum, og áherslu á gæði frekar en magn.

**Alþjóðleg viðurkenning:** Margherita frá Pizzeria Brandi hefur veitt innblástur ótal eftirlíkinga um allan heim, en margir telja upprunalegu pizzuna vera óviðjafnanlega. Napólí er oft talin vera andlegt heimili pizzunnar, og margir matgæðingar ferðast þangað sérstaklega til að smakka þennan táknaða rétt.

Þó að aðrar pizzur og pizzastaðir um allan heim hafi öðlast frægð og viðurkenningu, eins og New York-stíl pizzur eða nýjungar matreiðslumanna í ýmsum löndum, stendur Margherita frá Pizzeria Brandi enn sem viðmið í heimi matargerðarlistarinnar.

## Spurning mánaðarins

Hver er þín uppáhalds pizza?

Pepperoni og  
jalapeno

Hawaii pizza

Pizza grandioza

Devitos pizza



Titillinn „besta pizzan í heimi“ er mjög huglægt mat, en ein pizza sem stöðugt trónir á toppnum og er lofuð af bæði kokkum og matgæðingum er Margherita frá Pizzeria Brandi í Napólí á Ítalíu. Þessi pizza er ekki aðeins dád fyrir bragðið heldur einnig fyrir sögulega þýðingu hennar.

# Myndir úr afmælisveislu Klúbbsins Geysis



Eins og sjá má á myndunum var mikið fjör og góð stemning í afmælisveislu klúbbsins 30. ágúst síðastliðinn. Guðrún Hannesdóttir sem verið hefur í stjórn klúbbsins frá stofnun hætti í stjórninni. Henni var þakkað óeigingjarnt starf í þágu klúbbsins og færður blómvöndur. Hreimur og Haffi Haff héldu svo uppi fjöri með tónlist og söng.



Gísli og Ásta fagna eftir skokkið

## Reykjavíkumaraþon 2024


Gísli Richardsson og Ásta Olsen félagar í Geysi tóku þátt í skemmtiskokki Reykjavíkumaraþons. Því miður heltust nokkrir úr lestinni sem ætluðu að taka þátt, en það verður ekki við öllu séð. Þau stóðu sig með þrýði í áheitahlaupinu/hlaupastyrkur.is. Við þökkum þeim kærlega fyrir að veita klúbbum lið með þátttöku sinni.



Marta og Þórhallur voru í hvatningarliðinu og eru hér neð Ástu og Gísla í lok hlaupsins

## Andlát

Ralph Bilby einn fremsti forsvari ráðningar til reynslu og hugmyndafræðingur Clubhouse International er látinn



Anna Valdemarsdóttir og Ralph Bilby í Íslandsheimsókn Ralphs 2004

Þau tíðindi bárust í lok júlí að Ralph Bilby hefði látist. Fyrir utan fagleg afrek gegndi Ralph lykilhlutverki í mótun Clubhouse International. Hann var staðfastur talsmaður allra, hvort sem það var félagi eða starfsmaður. Ralph bjó yfir einstökum hæfileikum til að efla fólk til að ná markmiðum sínum. Áhrif Ralphs voru víðtæk, örlæti hans við að miðla tíma sínum, þekkingu og hvatningu hafði veldisáhrif á alla í kringum hann. Hann var mjög vel liðinn af samstarfsfólki og veitti einkar mikilvægan innblástur. Ralph kom til Íslands í janúar árið 2004 til þess að aðstoða klúbbinn við að móta og efla ráðningu til reynslu sem í fyrsta sinn var kynnt og komið á á Íslandi fyrir tilstilli Klúbbsins Geysis. Hann fór í fyrirtæki til að kynna hugmyndina og í viðtal á Morgunblaðinu ásamt Önnu Valdemarsdóttur þáverandi framkvæmdastjóra Geysis og Ásgeiri Sigurðssyni félaga.

Byggt á tilkynningu á síðu ci <https://clubhouse-intl.org/the-clubhouse-community-mourns-the-passing-of-clubhouse-icon-ralph-bilby/>

Benni þýddi og staðfærði

Taktu daginn frá



24. ágúst 2024

# Litli Hver

## Félagsleg dagskrá í september

**Fimmtudagur 5. september**  
Sjóminjasafnið mæting á safninu  
kl.15.00

**Fimmtudagur 12. september**  
Kattakaffihúsið  
Lagt af stað kl. 16.00 frá Geysi

**Fimmtudagur 19. september**  
Kaffiboð hjá Krissu kl. 16.00

**Laugardagur**  
**21. september**  
Kolaportið  
kl.12.00



**Fimmtudagur 26. september**  
Opíð hús í Geysi  
Kl. 16.00 til 18.30

**Afmælisveisla félaga sem  
eiga afmæli í september  
verður haldin þriðjudaginn  
24. september kl. 14.00**

## Geðheilsa er líka heilsa

### Verðlaunamynd Helga Halldórssonar



Þessi mynd Helga Halldórssonar var valin til að sýna á stafrænu sýningunni "Portrait ljósmyndari ársins" í The Coningsby Gallery í London, Bretlandi. Myndin er tekin af forsetahjónunum þar sem þau komu fram á svölum Alþingishússins eftir innsetningarathöfn Höllu Tómasdóttur 1. ágúst síðastliðinn. Til hamingju Helgi!

## Félagaspeki

Aldrei of seint að grisja munninn eftir að tönninn er dottin úr.

Slæmt er að bíða eftir heita vatninu en það kemur allt með kalda vatninu.

Betra að hafa ferðagleði í útlöndum en Þórðargleði á Íslandi.